

Sagnorðakassinn



Notkunar- og kennsluleiðbeiningar

Efnisyfirlit

Almenn lýsing	1
Notkunarhugmyndir	3
Táknin á spjöldunum	3
Stjarnan	4
Persóna og hlutur	4
Fingur á lofti	5
Málfræði sagnorða	7
Reglulegar (<i>veikar</i>) sagnir	8
Þátíð i-sagna	8
Óreglulegar (<i>sterkar</i>) sagnir	9
Hljóðbreytingar í nútíð 0-sagna	11
Þátíð 0-sagna	13
Þátíð blandaðra sagna (<i>með þt.viðskeyti</i>)	13
Þátíð óreglulegra sagna (<i>með hljóðskiptum</i>)	14
Algegnasta hljóðbreytingin a → ö	18
Kennsluáðferðir	19
Sagnorðakennslan	19
Nokkrar setningarformúlur	21

Almenn lýsing



Viðfangsefni **Sagnorðakassans** eru: sagnorðaforði, setningargerð og málfræði sem tengist sögnum. Kassinn inniheldur 370 spjöld með sögnum sem er skipt upp í þrjá beygingarflokka: a-, i- og 0-sagnir. Hver flokkur er í sérstakri öskju.

Framan á spjöldunum er mynd ásamt viðeigandi sögn. Þar er líka litadoppa en hverjum beygingarflokki hefur verið gefinn litur sem eru þeir sömu og koma fram á [sagnorðatöflu Íslenskunáunnar](#). Aftan á spjöldunum eru ýmsar málfræðiupplýsingar. Megináherslan er þó á beygingu sagnanna í nútíð.

sögnin í nafnhætti + upplýsingar um fallstjórn

sagnaflokkur sagnareglunúmer

i-sagnir (nútíð)

að afhenda  [þgf.]  [þf.]

eintala		fleirtala	
ég	-i	við	-um
þú	-ir	þið	-ið
hann, hún, hán, það		fingur á lofti = undantekning r, þau	


km: afhenda, (afhendi), afhenti, afhent


* hljóðbreytingsr og hljóðskiptaraðir þar sem það á við

ÍSLENSKUNÁMAN

2
sömu litir og á sagnorðatöflu Íslenskunáunnar

kennimyndir (nútíðarformið er haft innan sviga og skáletrað + þátíðarendingar eru feitletraðar)

Tákn:  = persóna

 = hlutur

beyging í nútíð, eintölu og fleirtölu

Mynd sem sýnir dæmi um bakhlíð með útskýringum á þeim málfræðiatríðum sem koma fram. Hér er allt talið nema það að á sumum eru dæmi um algeng sagnorðasambönd (þ.e. sagnorð + smáorðin sem þær standa með).

Sagnorðakassinn er uppfærð og endurbætt útgáfa af sagnorðaspjöldunum sem eru í myndorðakassanum sem kom út árið 2015. Breytingarnar sem hafa verið gerðar eru eftirfarandi:

- sagnorðin eru sér í kassa.
- myndirnar hafa verið bættar og sumum var skipt út.
- sögnunum var fjölgað og nú eru til dæmis margar núþálegu sagnanna með.
- stærsta breytingin er þó sú að á bakhlíðinni koma fram meiri málfræðiupplýsingar:
 - litadoppur fyrir hvern beygingarflokk ásamt reglunúmeri (1-6)
 - fallstýring viðkomandi sagnar + algeng sagnorðasambönd

- kennimyndir viðkomandi sagnar
- hljóðbreytingar og/eða hljóðskiptaröð þar sem það á við

Í þessu sambandi er rétt að taka fram að í annarsmálskennslu er gjarnan stuðst við beygingarreglunúmer. a-sagnir tilheyra þá reglu 1 og svo framvegis. Í **Sagnorðakassanum** er sterku sögnunum skipt niður í fjóra flokka: reglur 3-6. Bæði reglunúmer og litirnir á doppunum byggja á sagnorðatöflu Íslenskunámunnar. Hægt er að hlaða henni niður frítt af vefsíðu Íslenskunámunnar. Slóð á hana fylgir með kaupum á **Sagnorðakassanum** í gegnum vefverslunina.



Enginn nauðsynlegur undanfari

Efnið hentar byrjendum á öllum aldri jafnt og lengra komnum (A0⁺). Sagnorðaspjöldin virka líka mjög vel til að brúa tungumálabilið í þeim tilvikum sem fagfólk/leiðbeinendur og nemendur/ skjólstæðingar hafa ekkert sameiginlegt tungumál.

Með byrjendum er þægilegt að nota sagnorðaspjöldin til kynningar á algengum orðaforða og framburði máhljóðanna. Þau nýtast þó ekki síður lengra komnum til að æfa orðaröð, setningarmyndum, beygingu og fleiri málfars- og málfræðiatríði.

Sagnorðaspjöldin eru gott námstæki til að:

- leggja inn orðaforða.
- æfa setningargerð og grundvallarorðaröð í setningum
- æfa persónu- og tíðbeygingu sagna
- æfa hætti sagna (boðhátt, lýsingarhátt þátíðar og viðtengingarhátt)
- æfa fallstjórn sagna
- æfa algeng sagnorðasambönd (dæmi: tala saman, taka til o.s.frv.)

Notkunarhugmyndir

Notkunarmöguleikarnir eru nær endalausir. Við val á aðferð þarf þó að taka tillit til aðstæðna og markmiða hverju sinni. Það er til dæmis nauðsynlegt að taka mið af aldri nemanda/nemendahóps og jafnvel skólagrunni og/eða námsfærni. Eins er mikilvægt að „skammta“ nemendum viðráðanleg verkefni og gæta þess að orðin/spjöldin sem þeir fá í hendur svari markmiðum viðkomandi verkefnis sem allra best.

Aðgengilegustu leiðirnar til að vinna með sagnorðaspjöldin eru í meginatriðum þrjár:

1. **paravinna** þar sem a) fagaðili/leiðbeinandi vinnur með nemenda eða b) tveir nemendur vinna saman.
2. **hópvinna** þar sem 3-4 nemendur vinna saman; a) frjálst eða b) eftir fyrirmælum.
3. **teymisvinna:** fagaðili/leiðbeinandi úthlutar 2-7 sagnorðaspjöldum á hvern nemanda/þátttakanda. Þeir velja eina eða fleiri sagnir til að vinna eftir fyrirmælum fagaðila/leiðbeinanda og skila niðurstöðunum a) munnlega eða b) skriflega.

Allar aðferðirnar rúmast undir hatti athafnanáms (*learning by doing*) en áherslurnar eru svolítið mismunandi og henta þar af leiðandi fjölbreyttum markmiðum og aðstæðum mjög vel. Sjálf hef nota ég aðferðir 2 og 3 mest í bekkjarkennslu en aðferð 1 og 3 í einkakennslu..

Hópvinnan hentar mjög vel:

- þegar markmiðið er að leggja inn orðaforða
- til að æfa tiltekin málars- og/eða málfræðiatríði
- þegar staða nemenda innan hópsins er mjög misjöfn

Hópvinnan er nefnilega mjög góð leið til að ýta undir jafningjafræðslu. Nemendum gefst að minnsta kosti tækifæri til að læra hver af öðrum. Þetta getur átt við um framburð, orðaskilning og málfræðina.

Teymisvinnan eða aðferð númer 3 (ásamt paravinnu með fagaðila/leiðbeinanda) er hins vegar öruggasta leiðin til að koma að leiðréttingum. Mælt er með því að bjóða nemendum/þátttakendum að skila sinni setningu þegar þeir eru tilbúnir. Það má gera með því að spyrja: 1) Hver vill byrja? 2) Hver vill vera næst/ur? Það er heldur ekki útilokað að nemendur skili sinni setningu skriflega.

Það má auðvitað blanda þessum aðferðum saman eða láta þær taka við hver af annarri.

Táknin á spjöldunum

Auk litadoppanna koma fjögur tákn fyrir á spjöldunum. Þau eru útskýrð í skýringarbæklingi sem er í *Sagnorðakassanum*. Hér er farið svolítið ítarlegar í þau.

Stjarnan

Stjarnan kemur fyrir á framhlið tveggja i-sagna en þó nokkurra 0-sagna. **Hún er notuð til að merkja þær sagnir sem er aðgengilegast að kalla blandaðar sagnir.** i-sagnirnar tvær eru veikar í nútíð en sterkar í þátíð. Sagnirnar í 0-flokknum eru hins vegar sterkar í nútíð en fá sömu þátíðarendingar og i-sagnirnar.



Tafla 1 inniheldur yfirlit yfir þær sagnir sem eru stjörnumerktar í **Sagnorðakassanum**.

Tafla 1 Það eru alls 28 sagnir sem eru merktar með stjörnu á framhliðinni. Þær eru allar taldar hér.

Blandaðar sagnir				
i-sagnir	0-sagnir			
endingarlausar í þátíð	-ði	-di	-ti	-i
hanga, kviða	berja ⁵ , eyðileggja ³ , flýja ⁴ , hafa ³ , leggja ³ , ná ⁴ , smyrja ⁵ , spyrja ⁵ , þiggja ³ , þvo ⁴	fela ³ , kveðja ³ , muna*, selja ³ , skilja ³ , telja ³ , velja ³ ,	eiga ⁶ , fletja ³ , flytja ³ , gróðursetja ³ , mega ⁶ , setja ³ , slökkva ³ , þurfa	kunna ⁶

Tvær sagnir eru merktar með stjörnu inni í litadoppunni á bakhliðinni. Það eru sagnirnar að muna og skína.

0-sagnir (nútið) */2
að muna [ɸf]

eintala		fleirtala	
ég	-	við	-um
þú	-st	þið	-ið
hann, hún, hán, það	-	þeir, þær, þau	-a

km: muna, (man), mundi, munað

hljóðbreyting: u → (a)

ÍSLENSKUNÁMAN

0-sagnir (nútið) *
að skína [stýrir ekki falli] | (á [ɸf] | af [ɸgf])

eintala		fleirtala	
ég	-	við	-um
þú	-	þið	-ið
hann, hún, hán, það	-	þeir, þær, þau	-a

km: skína, (skín), skein, skinum, skinið

1) í → (i) → ei → i → i

ÍSLENSKUNÁMAN

Ástæða stjörnumerkingarinnar er að sagnirnar sem um ræðir passa ekki inn í neinn regluflokk 0-sagnanna eins og sést væntanlega á nútíðarbeygingunni á myndunum.

Persóna og hlutur

Þó nokkrar sagnir hafa eða geta haft tvö andlög. Í þessum tilvikum er orðið sem stendur fyrir persónu eða þiggjanda í þágufalli en seinna andlagið í þolfalli. **Dæmi:** „Amma gaf mér hest í fermingargjöf.“

Í sumum tilvikum er andlagið í þágufalli þegar talað er um persónur en þolfalli þegar talað er um dýr og hluti. **Dæmi:** „Pabbi þvoði barninu í framan.“ „Það þarf að þvo hundinn/bílinn.“

Til að gera upplýsingar um fallstjórn þessara sagna aðgengilegri eru notuð tákn.

0-sagnir (nútið) 4/2
að þvo [þgf.] | [þf.]

eintala		fleirtala	
ég	-	við	-um
þú	-rð	þið	-ið
hann, hún, hán, það	-r	þeir, þær, þau	-

km: þvo, (þvæ), þvoði, þvegið
hljóðbreytingar: o → (æ) → o → e

ÍSLENSKUNÁMAN

0-sagnir (nútið) 3
að gefa [þgf.] [þf.]

eintala		fleirtala	
ég	-	við	-um
þú	-ur	þið	-ið
hann, hún, hán, það	-ur	þeir, þær, þau	-a

km: gefa, (gef), gaf, gáfum, gefið
5): e → (e) → a → á → e

ÍSLENSKUNÁMAN

Á þessum myndum af tveimur bakhliðum sést hvaða tákn eru notuð fyrir persónu og hlut/dýr og hvernig þau eru notuð.

Eins og sést á myndunum hér að ofan eru persónur/þiggjendur táknuð með persónutákni en hluturinn með einhverju sem á að minna á hlut eða nokkra möguleika (hlutur, dýr og jafnvel fólk). Í meðfylgjandi töflu er yfirlit yfir sagnir sem hafa þessi tákn.

Tafla 2 Það eru alls 25 sagnir sem hafa þessi tákn; ýmist annaðhvort eða bæði

Persónan í þgf. - hluturinn í þf.			þolfall, þágufall eða jafnvel eignarfall í öðru samhengi - oft með forsetningum
a-sagnir	i-sagnir	0-sagnir	
borga, lána, skammta, skrifa	afhenda, fylgja, færa, kenna, leigja, rétta, segja, senda, sýna	þjóða, fá, gefa, selja	biðja ³ , blikka ¹ , leika ³ , hvísla ¹ , óska ¹ , sprauta ¹ , þurrka ¹ , þvo ⁴

Það var svolítið vandasamt að ákveða hvar ætti að draga línurnar í þessu samhengi. Það er nefnilega sannarlega hægt að finna fleiri sagnir þar sem ofangreint getur átt við. **Dæmi:** „Merkja einhverjum eitthvað.“

Fingur á lofti

Þetta tákn kemur líka aðeins fyrir á bakhliðinni. Það er notað til að vekja athygli á því sem sker sig úr í kennimyndum sagnanna og þarf þess vegna að læra sérstaklega. Það sem um ræðir er almennt kallað samlögun í málfræðinni en ég hef leyft mér að tala frekar um aðlögun þar sem margir nemendur skilja það hugtak betur.



Þetta tákn er líka notað til að benda á brottfall, innskot og það þegar síðasta kennimynd (lýsingarháttur þátíðar) viðkomandi sagnar hefur aðra endingu en við er búast miðað við flokkinn

sem hún tilheyrir. Það ætti ekki að koma á óvart að þetta tákn kemur hvergi fyrir í a-sögnunum en er þokkalega algengt í i- og 0-sögnunum.

Það er yfirlit yfir þær sagnir sem hafa þetta tákn í töflum 3 og 4 hér að neðan og á næstu blaðsíðu. Fyrst eru i- og blandaðar sagnir.

Tafla 3 Það eru alls 51 sögn sem hefur þetta tákn við einhverja/-jar kennimyndir á bakhliðinni. 50 þeirra eru taldar hér.

i- og blandaðar sagnir				
ð → d	t tekur stað d	fá ekki t/d í þátíð	önnur ending í lh.þt	hljóðbreytingar
afgreiða, eyða, fæða, græða, hlýða, hræða, klæða, kveðja ³ , leiða, meiða, reiða, sneiða, veiða, þýða	afhenda, benda, henda, hrinda, synda	elta, festa, fletta, frysta, gista, hitta, hrista, hætta, kreista, leiðrétt, lyfta, rétt, senda, skemmta, skipta, snyrta,	brosa, gá, kunna ⁶ , muna*, ná ⁴ , sá, skrá, spá, trúa, vaka, þora	heimsækja, kaupa, segja, sækja

Það eru tvær sagnir úr i- og blönduðum sögnum sem passa ekki inn í þessa töflu. Það er i- sögnin að mæla sem hefur tvær mismunandi merkingar eftir því hvort hún stendur með smáorði eða

i-sagnir (nútið) 2

að mæla [ɸf] | (með [ɸgf])

eintala	fleirtala
ég -i	við -um
þú -ir	þið -ið
hann, hún, hán, það -ir	þeir, þær, þau -a

km: mæla, (mæli), mældi, mælt
 • „mæla með“: mæla, (mæli), mælti, mælt

ISLENSKUNÁMAN

ekki: 1) mæla, 2) mæla með; nútiðin er eins í báðum tilvikum en þátíðin ekki: „mældi“ og „mælti með“.

Blandaða sögnin að þiggja passar heldur ekki inn í töfluna hér að ofan en g-in í stofninum falla brott í þátíðinni: „Hún þáði stöðuhækkunina“.

Sögnin að þiggja er að sjálfsgöðu lítið notuð í nútímamáli en er höfð með í **Sagnorðakassanum** til að útskýra og tengja hana við nafnið á þágufallinu.

Þegar kemur að 0-sögnunum eru fjórar sagnir sem eru hreinlega settar saman í dálk sem er gefið heitið „annað“ þó þær eigi lítið sameiginlegt fyrir utan sagnirnar að róa og snúa sem fá þátíðarendinguna **-ri** og eru þar af leiðandi kallaðar ri-sagnir í íslensku málfræðinni.

Tafla 4 Það eru 26 hreinar 0-sagnir sem eru með fingurtáknið á bakhlíðinni

0-sagnir				
j bættist framan á v fellur framan af	nd → tt/ð ng → kk	(g)g/kk flökt í stofni	lh.þt. sker sig úr að e-u leyti	annað
<i>auka, ausa⁶, vaxa⁶, vefa, velta, vera⁶, verða, vinda, vinna</i>	<i>binda, ganga, springa, standa, stinga, vinda</i>	<i>draga, fá⁴, hlæja⁴, höggva, liggja, slá⁴</i>	<i>biða, sjá⁴</i>	<i>halda, róa⁴, snúa⁴, sofa</i>

0-sagnir (nútið)
að vinda [hʏf]

eintala		fleirtala	
ég	-	við	-um
þú	-ur	þið	-ið
hann, hún, hán, það	-ur	þeir, þær, þau	-a

km: vinda, (vind), vatt^{ts}, undum^{ts}, undið
3): i → (i) → a → u → u

ÍSLENSKUNÁMAN

Sögnin að *vinda* kemur fram tvisvar í töflunni hér að ofan og er merkt með skærgulu af þeim sökum. Ástæðan er að undantekningarnar í kennimynd hennar eru af tvennum toga.

Annars vegar verður -nd- í stofni hennar -tt- í þátíð eintölu. Í þátíð fleirtölu og í lýsingarhætti þátíðar fellur v-ið framan af sögninni.

Hér í framhaldinu er fyrst farið svolítið meira í málfræði sagna og svo aðeins dýpra í kennsluaðferðir með tillögum að áherslum eftir stigum.

Málfræði sagnorða

Það er þokkalega einfalt að skipta íslenskum sögnum niður í flokka eftir endingum þeirra í nútið. Það er þó ekki víst að hefðbundin skipting niður í a-, i- og 0-sagnir þjóni þeim sem eru að læra íslensku sem annað mál nægileg vel. Grunnflokkunin: veikar - og sterkar sagnir kveikir heldur ekki alltaf skilning á muninum á milli a- og i-sagnanna annars vegar og 0-sagnanna hins vegar.

Tölurnar sem hafa verið notaðar í fullorðinsfræðslunni hafa reynst vel; einkum þegar kemur að sterku sögnunum. Hins vegar hefur vantað sérstakan flokk fyrir sagnirnar sem hafa t-endingu í 2. persónu eintölu nútið. Honum hefur verið bætt við á sagnorðatöflu Íslenskunáunnar og er notaður á sagnorðaspjöldunum í **Sagnorðakassanum**.

Það getur líka verið nemendavænna að tala um reglulega - og óreglulega sagnaflokka frekar en veika og sterka. Eins er mælt með því að tala um blandaðar sagnir þegar kemur að sögnum sem standa í báðum flokkum. Nemendur spyrja gjarnan að því hvort það er ekki til einhver aðferð til að sjá í hvaða flokki sagnirnar eru. Einfaldasta svarið við því er að það þarf að vita hvernig sögnin er í 1. persónu eintölu nútið.

		veikar (reglulegar) sagnir		sterkar (óreglulegar) sagnir			
		a-sagnir ¹	i-sagnir ²	0-sagnir ³	0-sagnir ⁴	0-sagnir ⁵	0-sagnir ⁶
að	borða		læra	vinna	búa	fara	lesa
ég			læri	vinn	bý	fer	les

Þetta er eins konar skjáskot af sagnorðatöflu Íslenskunámunnar sem sýnir endingar sagna í 1.p. et. nt.

Þegar kemur að óreglulegu sögnunum er hins vegar öruggast að nota 2. persónu í eintölu nútíð.

Reglulegar (veikar) sagnir

► **a-sagnirnar** eru langreglulegastar.

► **i-sagnirnar** eru reglulegar þar til kemur að þátíðinni:

- þær hafa mismunandi endingar eftir stofni eða **-ði, -di, -ti**
- sögnin að mæla hefur mismunandi þátíð eftir því hvort hún merkir að **mæla** í tölum eða **mæla með** einhverju/einhverjum.
- sagnirnar sem hafa -ð- í lok stofns fá ekki aðeins þátíðarendinguna -di heldur aðlagast ð-ið í -d- eins og í sögnunum að **veiða** og **afgreiða** (alls 14 sagnir í nýju útgáfunni).
- sagnir sem hafa samhljóðarunu (tvö eða þrjú samhljóð) í lok stofns sem endar -t- eru eins í nútíð og þátíð eins og sagnirnar að **hætta** og **gista** (alls 15 sagnir í kassanum)
- Sagnir sem hafa -nd- í lok stofns fá þátíðarendinguna -ti (t-ið þurrkar út d-ið) og er það látið heyrast í framburðinum óháð mállyskum (alls 5 sagnir í kassanum). Sögnin að **senda** er undantekning en hún hefur -d- bæði í nútíð og þátíð.
- sagnirnar **heimsækja, kaupa, segja** og **sækja** breyta um stofnsérhljóð í þátíðinni; sögnin að (heim)sækja heldur bara upphafsstaf stofnsins.
- sagnirnar að **hanga** og **kvíða** (fyrir) flytja sig yfir í flokk 0-sagna í þátíð (eru blandaðar)

Eins og upptalningin hér að ofan gefur til kynna er full ástæða til að ætla nemendum í íslensku sem öðru máli góðan tíma til að þjálfast í þátíð i-sagna. Samkvæmt minni reynslu er betra að taka þær rækilega fyrir fyrst áður en blönduðu sögnunum (0-sögnunum sem beygjast eins og i-sagnir í þátíð) er bætt við.

Þátíð i-sagna

Tafla 5 inniheldur yfirlit yfir i-sagnirnar í **Sagnorðakassanum** sem skýrir hvað ræður því hvaða þátíðarendingar þær fá.

Tafla 5 Eins og kemur fram hér þá er það stofnending sagnanna sem ræður því hvaða þátíðarendingu þær fá.

Þátíðarendingar i-sagna		
ð	d	t
Ø: <i>gá, sá, skrá, spá, trúa</i>	ð: <i>afgreiða, eyða, fæða, græða, hlýða, hræða, klæða, leiða, meiða, reiða, sneiða, veiða, þýða</i>	k/kk: <i>heimsækja, kveikja, kíkja, merkja, reykja, sleikja, steikja, sækja, vaka, þekkjja</i>
f: <i>dreifa, svæfa, æfa</i>	fl: <i>tefla</i>	ll: <i>fylla, hella, stilla</i>
g/gg: <i>beygja, byggja, leigja, segja, syrgja</i>	gl: <i>negla, sigla</i>	nd: <i>afhenda, benda, henda, hrinda, synda</i>
r: <i>færa, heyra, hræra, keyra, læra, stýra, útskýra, þora</i>	l: <i>deila, dæla, kýla, æla, mæla</i>	nn: <i>kynna, nenna, spenna, tilkynna</i>
	lg: <i>fylgja</i>	p/pp: <i>glápa, hneppa, kaupja, keppa, klippa, sleppa</i>
	lg: <i>hengja, hringja</i>	s/ss: <i>brosa, kyssa, lýsa, læsa, missa</i>
	n/nn: <i>brýna, kenna, leiðbeina, renna, reyna, ræna, sýna, tína, týna</i>	t: <i>breyta, bæta, flýta, hnýta, mæta, skreyta, snyrta, snýta, ýta, þeyta</i>
	m/mm: <i>geyma, gleyma, líma, herma, skemma</i>	

Þær sagnir sem er mikilvægast að læra í þátíð eru feitletraðar í þessari töflu. Hér er svo vert að nefna þrjú atriði sem skipta máli:

1. Í töflu 3 eru taldar 16 i-sagnir sem bæta ekki við sig þátíðarendingu.
2. Tvær i-sagnir beygjast eins og 0-sagnir í þátíð (*hanga* og *kvíða*)
3. Meirihluti landsmanna ber t-ið í þátíðarendingum i-sagnanna fram sem d nema í þeim sögnum sem hafa -nd- og -ld- í stofni. **Dæmi:** *henda* og *gilda* (í þátíð henti og gildi)

Óreglulegar (sterkar) sagnir

Það er þægilegast að notast við heitið óreglulegar sagnir þegar kemur að 0-sögnunum eða sterku sögnunum af því það lýsir þessum flokki best. Það eru einkum fjögur atriði sem gerir það erfðara fyrir nemendur að tileinka sér þær en sagnir úr reglulegu flokkunum:

1. Þær hafa fjórar mismunandi endingar í 2. persónu eintölu, nútíð

2. Margar þeirra hafa hljóðbreytingar í nútíð eintölu
3. Þær hafa (2-3) hljóðbreytingar í þátíðinni
4. Sumar hafa þátíðarendingar i-sagna
→ mælt með að kalla þær blandaðar sagnir þegar kemur að þátíðinni

sterkar (óreglulegar) sagnir			
0-sagnir ³	0-sagnir ⁴	0-sagnir ⁵	0-sagnir ⁶
vinna	búa	fara	lesa
vinn	bý	fer	les
vinnur	býrð	ferð	lest
	býr	fer	les

Eins konar skjáskot af sagnorðatöflu Íslenskunámunnar þar sem beygingarmynd 0-sagnanna í 2. persónu eintölu, nútíð er merkt með gulum áherslupenna þar sem það er þetta atriði sem greinir þær niður í fjóra beygingarflokka..


Eins og kemur fram á myndinni hér að ofan er aðgengilegt að skipta óreglulegu sögnunum niður í fjóra númeraða flokka eftir beygingarendingum. Á sagnorðatöflu Íslenskunámunnar er listi yfir sagnir sem tilheyra hverjum flokki en auðvitað er hann ekki tæmandi. Sagnirnar eru einfaldlega of margar til að það sé vinnandi vegur. Hér er stutt yfirlit yfir hvað ræður því að sögnunum er skipt svona niður, einkum til að gera grein fyrir flokki 6.

- **regla 3:** meirihluti 0-sagna eru í þessum flokki
- **regla 4:** sagnir þar sem stofninn endar á sérhljóði
- **regla 5:** stofninn endar á -r
- **regla 6:** stofninn endar á -s + sagnirnar að *vera* og *vaxa* + flestar núpálegu sagnirnar

Hér er líka ástæða til að minna á að sumar sagnir flytjast á milli flokka eftir merkingu eða öllu heldur því hvort áherslan liggur á þolandanum eða gerandanum. Dæmi um slíkar sagnir í *Sagnorðakassanum* eru: *brenna*, *renna*, *skella*, *sleppa*, *sökkva* og *velta*. Þessar sagnir eru ýmist i- eða 0-sagnir;

- 1) i-sagnir (regla 2) ef það er gerandi í setningunni,
- 2) 0-sagnir (regla 3) ef áherslan er á þolandandann.

Dæmi: 1) „Hún *slepti*² fuglinum úr búrinu.“ 2) „Fuglinn *slapp*³ úr búrinu.“ (sjá myndadæmi á næstu síðu)



Sagnirnar hér að ofan koma fyrir í báðum flokkunum í **Sagnorðakassanum**. Sagnirnar sem eru með bleika doppu tilheyra reglu 3 (eru 0-sagnir). Þær sem eru með gula doppu tilheyra reglu 2 (eru i-sagnir).

Hljóðbreytingar í nútíð 0-sagna

Það er kannski rétt að byrja að undirstrika að 0-sagnirnar hafa ekki allar hljóðbreytingar í nútíð.

Tafla 6 Sagnirnar sem hafa þessi sérhljóð í stofni hafa enga hljóðbreytingu í nútíð

engin hljóðbreyting í nútíð 0-sagna sem hafa þessi stofnsérhljóð				
e	i/y	í/ý	ei/ey	æ
<i>ákveða, bera⁵, berja⁵, detta, drekka, eyðileggja, fela, fletja, fyrirgefa, gefa, gróðursetja, kveðja, meta, leggja, leka, lesa⁶, reka, selja, setja, skera⁵, stela, telja, vefa, velja, vera⁶, verða</i>	<i>biðja, binda, finna, flytja, liggja, stinga, sitja, skilja, smyrja⁵, spinna, spyrja⁵, springa, syngja, vinda, vinna, þiggja</i>	<i>bíða, bita, flýja⁴, grípa, klífa, klípa, líta, rífa, síga, skriða, skína*, slíta, stíga, svíkja, þrífa</i>	<i>leika</i>	<i>hlæja⁴</i>

Í töflu 6 eru 0-sagnirnar, sem eru í **Sagnorðakassanum**, taldar sem hafa enga hljóðbreytingu í eintölu nútíð. Þær sagnir sem eru ekki undir beygingarreglu 3 eru auðkenndar með viðeigandi

reglunúmeri. Mikilvægustu sagnirnar eru feitletraðar en það hvaða sagnir eru mikilvægastar fyrir nemendur er auðvitað háð býsna mörgum atriðum.

Hægt er að nálgast [frían ramma yfir hljóðbreytingar](#) sterkra (óreglulegra) sagna í nútíð eintölu á vefsíðu *Íslenskunámunnar* með yfirliti yfir hljóðbreytingarnar sem verða. Í fyrsta dálki hennar er yfirlit yfir stofnsérhljóðin sem haldast óbreytt. Þó hljóðbreytingarnar í nútíðinni séu auðveldari en í þátíðinni þá er ljóst að sumar þeirra eru mjög snúnar. Það er ástæða til að benda annarsmálsnemendum í íslensku á að hljóðbreytingarnar sem um ræðir eiga eingöngu við um eintöluna.

Fleirtalan er þó ekki alveg laus við hljóðbreytingar þar sem allar sagnir sem hafa stofnsérhljóðið -a- í nafnhætti fá hljóðvarpið a → ö í 1. persónu, fleirtölu. Það þarf líka að gera ráð fyrir að æfa þetta atriði sérstaklega með nemendum. Nánar er fjallað um þetta atriði síðar í kaflanum.

Tafla 7 Þær sagnir sem standa í gráum boxum eru einu dæmin um viðkomandi hljóðbreytingu

Hljóðbreytingar í nútíð óreglulegra (sterkra) sagna			
_ verður e	_ verður ý	_ verður æ	sjaldgæfari
a: <i>draga, falla, fara⁵, ganga, grafa, hafa, halda, hlaða, skafa, standa, taka, vaxa⁶</i>	ú: <i>búa⁴, snúa⁴</i>	á: <i>blása⁶, fá⁴, gráta, láta, ná⁴, slá⁴</i>	au → ey: <i>auka, ausa⁶, hlaupa</i>
o: <i>koma, sofa, troða</i>	jú: <i>fjúka, fljúga, krjúpa, ljúga, ljúka, strjúka</i>	ó: <i>róa⁴</i>	já → é: <i>sjá</i>
ö: <i>höggva, slökkva, stökkva, sökkva</i>	jó: <i>bjóða, brjóta, fljóta, frjósa⁶, gjósa⁶, hrjóta, kjósa⁶, njóta, sjóða, skjóta, þjóta,</i>	o: <i>þvo⁴</i>	u → a: <i>kunna⁶, muna[*], skulu⁶, þurfa⁶</i>
já: skjálfa			ei → á: <i>eiga⁶, mega⁶</i>

Það er vert að taka það fram að í töflu 7 eru aðeins taldar þær sagnir sem er að finna í *Sagnorðakassanum*. Eins og áður þá eru sagnir sem eru ekki undir beygingarreglu 3 auðkenndar hér með viðeigandi reglunúmeri. Mikilvægustu sagnirnar eru feitletraðar.

Hljóðbreytingarnar sem koma fram í töflunni eru mjög misalgengar og í sumum tilvikum er aðeins um eina sögn að ræða eins og í þessum dæmum: **skjálfa** → **skelf**, **þvo** → **þvæ** og **sjá** → **sé**. Algengustu hljóðbreytingarnar eru **a** → **e** og **jó og jú** → **ý**.

Samkvæmt minni reynslu reynist hljóðbreytingin **jú/jó** → **y** nemendum langerfiðust. Mér hefur ekki tekist að festa fingur á því hver ástæðan er en hugsanlega er það vegna þess að í þessum tilvikum verða tveir bókstafir að einum.

Ég vil benda á að það er líka yfirlit yfir þessar hljóðbreytingar á sagnorðatöflu Íslenskunáunnar. Samkvæmt minni reynslu er það mjög misjafnt hvaða aðferð dugar nemendum best til að læra þessar hljóðbreytingar. Ramminn yfir hljóðbreytingarnar var búinn til í þeim tilgangi að draga betur fram mynstrið eða kerfið í hljóðbreytingunum. Hann virkar best með því að láta nemendur vinna saman í 3-4 manna hópum með sagnorðaspjöldin.

Þátíð 0-sagna

Þátíð blandaðra sagna (með þt.viðskeyti)

Það eru alls 26 0-sagnir í *Sagnorðakassanum* sem flytjast niður í beygingarflokk i-sagna í þátíð. Þær eru taldar í töflu 8 þar sem þær eru flokkaðar eftir þátíðarendingum.

Tafla 8 Eins og sést með samanburði við töflu 5 þá er það stofnending sagnanna sem ræður þátíðarendingunni


Þátíðarendingar blandaðra sagna		
ð	d	t
Ø: <i>flýja⁴, ná⁴, þvo⁴</i>	ð: <i>kveðja</i>	kk: <i>slökkva</i>
f: <i>hafa</i>	l: <i>fela, selja, skilja, telja, velja</i>	t: <i>fletja, flytja, gróðursetja, setja</i>
g/gg: <i>eyðileggja, leggja, þiggja</i>	n: <i>muna[*]</i>	núþálegar: <i>eiga⁶, mega⁶, þurfa⁶</i>
r: <i>berja⁵, smyrja⁵, spyrja⁵</i>		

Áfram eru þær sagnir sem eru ekki í beygingarreglu 3 aðgreindar með sínum reglunúmerum. Þær sagnir sem er sennilega mikilvægast að tileinka sér í þátíð eru feitlettraðar. Það vantar eina af núþálegu sögnunum sem eru í *Sagnorðakassanum* í töflu 8. Það er sögnin að *kunna* sem sker sig úr þar sem hún hefur ekkert samhljóð í þátíðarendingunni.

Eins og áður hefur komið fram hefur það reynst aðgengilegast fyrir nemendur að sagnirnar sem eru 0-sagnir í nútíð en i-sagnir í þátíð séu kallaðar **blandaðar sagnir**. Auðvitað þarf að skýra þessa nafngift. Það er heldur ekki nóg að benda á að þessar sagnir taki sömu þátíðarendingar og i-sagnirnar. Hvað snertir þátíðina eru ástæðurnar einkum tvær:

1. Sumar hafa hljóðskipti
2. Lýsingarháttur þátíðar er annaðhvort eins og i-sagna (-t) eða sterku sagnanna (-ið).

Tafla 9 Yfirliti yfir blönduðu sagnirnar sem eru í Sagnorðakassanum. Skýringarnar snúa að séhljóðabreytingunum.

Blandaðar sagnir: hljóðbreytingar og endingar í lh.þt.			
skýringar	hljóðskiptin	sagnirnar	endingar í lh. þt.
sama sérhljóð í öllum km.	e	<i>selja, setja, gróðursetja</i>	-t
	i	<i>skilja</i>	-ið
sérhljóð í þt. sama og í nh.	a (e) a	<i>hafa</i>	-t
	á (æ) á	<i>ná</i>	-ð 
	u (a) u	<i>kunna, muna</i>	-að
		<i>þurfa</i>	-t
ö (e) ö	<i>slökkva</i>		
sérhljóð í þt. sama og í nt.	ei/[ei] (á) á	<i>eiga, mega</i>	-t
nýtt sérhljóð fyrir þt.	e → a (sama og í hljóðskiptaröðum 3-5)	<i>eyðileggja, fletja, kveðja, leggja</i>	-ið
		<i>berja, fela, velja, telja</i>	
	y → u	<i>flytja, smyrja, spyrja</i>	-t
	y → ú	<i>flýja</i>	-ið
sama og í sögninni að liggja	i → á → e	<i>þiggja</i>	
einstök	o → (æ) → o → e	<i>þvo</i>	

Eins og áður eru mikilvægustu sagnirnar feitlettraðar. Það má taka það fram að sjálf hef ég venjulega farið dýpra í þessar sagnir með nemendum mínum á 5. og 6. stigi en það er þó full ástæða til að fara í mikilvægustu sagnirnar strax á 3.-4. stigi.

Þátíð óreglulegra sagna (með hljóðskiptum)

Þegar kemur að þátíð 0-sagna sem hafa ekkert þátíðarviðskeyti er mælt með því að byrja eingöngu á 1. og 3. persónu beygingunni í eintölu. 2. persónan er erfiðari af því að hún hefur ekki bara hljóðbreytingu heldur líka endingu. Einnig er mælt með að því að byrja á allra mikilvægustu sögnunum.

Samkvæmt minni reynslu eru það sagnirnar í hljóðskiptaröð 2 og þær sem standa utan hljóðskiptaraðanna sem reynast nemendum erfiðastar. Vonandi gengur nemendum þó betur að læra þátíðina með stuðningi af nýju sagnorðaspjöldunum þar sem koma fram upplýsingar um

kennimyndir og hvaða hljóðskiptaröðum sagnirnar tilheyrja. Til að útskýra betur hvað er átt við eru hér tvö dæmi með bakhliðum 0-sagna.

0-sagnir (nútið) 3
að drekka [þf] | (úr [þgf])

eintala		fleirtala	
ég	-	við	-um
þú	-ur	þið	-ið
hann, hún, hán, það	-ur	þeir, þær, þau	-a

km: drekka, (*drekk*), **drakk**, drukkum, drukkið
3): e → (e) → a → u → u

ÍSLENSKUNÁMAN

0-sagnir (nútið) 6
að vera [stýrir ekki falli]

eintala		fleirtala	
ég	-	við	-um
þú	-t	þið	-uð
hann, hún, hán, það	-	þeir, þær, þau	-u

km: vera, (*er*), **var**, vorum, verið
!): e → (e) → a → o → e

ÍSLENSKUNÁMAN

Eins og kemur fram á myndunum þá er nútiðinni bætt inn í kennimyndirnar en hún höfð innan sviga. Þær sagnir sem falla inn í tiltekna hljóðskiptaröð hafa númer viðkomandi hljóðskiptaraðar fyrir framan yfirlitið yfir sérhljóðskiptin sem koma fyrir í kennimyndunum. Þær sem skera sig úr hafa einfaldlega upphrópunarmerki (!) í stað númers.

Hér er yfirlit yfir allar 0-sagnirnar sem eru í **Sagnorðakassanum** sem hafa sterka (óreglulega) beygingu í þátíð eftir hljóðskiptaröðum.

Tafla 10 Sérhljóðin sem skera sig úr viðkomandi hljóðskiptaröð eru auðkennd með gulum áherslulit. Nútiðin er innan sviga.

Hljóðbreytingar í þátíð óreglulegra (sterkra) sagna		
röð	sagnirnar	hljóðskipti
1)	<i>bíða</i>	í - ei - i - e
	<i>bíta, grípa, klífa, klípa, líta, rífa, síga, skríða, skína, slíta, stíga, svíkja, þrífa</i>	í - ei - i
2)	<i>bjóða, brjóta, gjósa, fljóta, frjósa, hrjóta, kjósa, njóta, skjóta, sjóða, þjóta</i>	jó - (ý) - au - u - o
	<i>fljúga, fjúka, krjúpa, ljúga, ljúka, strjúka</i>	jú - (ý) - au - u - o
3)	<i>brenna, drekka, renna</i>	e - a - u
	<i>detta, skella, sleppa, velta, verða</i>	e - a - u - o
	<i>skjálfa,</i>	já - (e) - a - u - o
	<i>binda, finna, spinna, springa, stinga, vinda, vinna</i>	i - a - u
4)	<i>bera, skera, stela</i>	e - a - á - o
	<i>sofa</i>	o - (e) - a - á - o
5)	<i>ákveða, gefa, fyrirgefa, leka, lesa, meta, reka</i>	e - a - á - e
	<i>biðja, sitja</i>	i - a - á - e

Hljóðbreytingar í þátíð óreglulegra (sterkra) sagna

röð	sagnirnar	hljóðskipti
6)	<i>draga, taka</i>	a - (e) - ó - e
	<i>fara, grafa, hlaða, skafa, standa</i>	a - (e) - ó - a
	<i>slá</i>	á - (æ) - ó - e
	<i>hlæja</i>	æ - ó - e
	<i>troða</i>	o - (e) - ó - o
	<i>vefa</i>	e - ó - o
7)	<i>halda, falla</i>	a - (e) - é - a
	<i>blása, gráta, láta</i>	á - (æ) - é - á
	<i>fá</i>	á - (æ) - é - e
	<i>ganga</i>	a - (e) - é - e
	<i>leika</i>	ei - é - ei
!)	<i>auka, ausa</i>	au - (ey) - jó - ju - au
	<i>búa</i>	ú - (y) - jó - ju - ú
	<i>hlaupa</i>	au - (ey) - jó - u - au
	<i>höggva</i>	ö - (e) - jó - ju - o/ö
	<i>stökkva, sökva</i>	ö - (e) - ö - u - o
	<i>syngja</i>	y - ö - u
	<i>liggja</i>	i - á - e
	<i>sjá</i>	já - (é) - á - é
	<i>vaxa</i>	a - (e) - ó - u
	<i>vera</i>	e - a - o - e
	<i>koma</i>	o - (e) - o
	<i>róa</i>	ó - (æ) - e - ó
	<i>snúa</i>	ú - (ý) - e - ú
	<i>skal</i>	u - (a)

Hljóðbreytingarnar sem koma fram í töflu 10 eru flestar mjög algengar en sögnin að: **skjalfa** → **skalf** er eina dæmið um þessa hljóðbreytingu. Sagnirnar sem eru í hljóðskiptaröðum 1) og 2) eru

mjög reglulegar en þegar kemur að hljóðskiptaröðum 3), 4) og 5) er ástæða til að staldra betur við.

1. Samhljóðin í stofni sumra sagnanna breytast mjög mikið líka. Í kassanum eru þessar sagnir: **binda** → **batt**, **springa** → **sprakk**, **stinga** → **stakk**, **vinda** → **vatt**.
2. Í hefðbundnum listum yfir sagnir sem tilheyra þessum röðum eru of margar og miklar undantekningar til að það þjóni annarsmálsnemendum í íslensku. Dæmi: **syngja** og **liggja**. Þær hafa því verið settar í flokk með sögnum sem standa utan hljóðskiptaraðanna.
3. Svo eru sagnir sem hafa mismunandi beygingu eftir merkingu. Í kassanum eru sex sagnir sem þetta á við um. Þær eru flestar hafðar eingöngu með 0-sögnunum. Sagnirnar að **renna** og **sleppa** eru reyndar líka með i-sögnunum.

Tafla 11 Eftirtaldar sagnir tilheyra tveimur ólíkum beygingaflokkum eftir merkingu

að brenna	að renna	að skella	að sleppa	að sökkva	að velta
brenni → brenndi	renni → renndi	skelli → skellti	sleppi → sleppti	sökkvi - sökkti	velti → velti
brenn → brann	renn → rann	skell → skall	slepp → slapp	sekk - sökk	velt → valt

Tafla 11 sýnir báðar beygingarmyndir sagnanna sem er vísað til í lið 3. Fyrst er i-sagnabeygingin og svo 0-sagnabeygingin. Dæmin eru í 1. persónu eintölu, í nútíð og þátíð

Þátíð algengustu sagnanna sem eru undir hljóðskiptaröð 6) og 7) eru svolítið auðveldari en fyrstu fimm þar sem bæði eintalan og fleirtalan hafa sama stofnsérhljóðið. Hins vegar skipta sagnirnar, sem hafa -a- og -á- sem stofnsérhljóð í nafnhætti, sér á milli þessara flokka (sjá töflu 12).

Tafla 12 Það eru alls 34 sagnir í myndorðakassanum sem raðast í þessa flokka

Óreglulegustu hljóðskiptaraðirnar		
Hljóðskiptaröð: 6)	7)	Ekki númeruð
_ verður ó	_ verður é	aðrar hljóðbreytingar
a	a	au ú (búa) ö (höggva)
á (slá)	á	
æ (hlæja)	ei (leika)	
o (troða)		y (syngja) ö
e (vefa)		
		i (liggja) já (sjá)

Sex sagnir sem tilheyra ekki númeruðum hljóðskiptaröðum og eru í *Sagnorðakassanum* standa enn eftir. Það eru sagnirnar:

- *skulu* sem er ekki til í þátíð.
- *vera* sem er bæði mikilvægasta og algengasta sögnin: **vera** → **er** → **var**
- *vaxa*: **vaxa** → **vex** → **óx**
- *koma* sem er auðveldasta sterka sögnin: **koma** → **kem** → **kom**
- *snúa* og *róa* sem eru taldar í flokki ri-sagna í hefðbundinni móðurmálskenndu þar sem þær bæta við sig -ri í þátíð: **róa** → **ræ** → **reri** og **snúa** → **sný** → **sneri**

Algengasta hljóðbreytingin a → ö

	nh.	nt.et.	1.p.ft.	önnur ft.	þt.ft.
v.so.	a		ö	a	ö
st.so	a	e	ö	a	X

Algengasta hljóðbreyting a → ö á sér stað í öllum sögnum í 1. persónu fleirtölu nútíð og allri þátíð fleirtölu í reglulegu sögnunum.

Enn eitt „skjáskotið“ af sagnorðatöflu Íslenskunámunnar.

Á sagnorðatöflu Íslenskunámunnar er þetta sýnt eins og á myndinni hér fyrir ofan. Í töflu 13 eru taldar allar sagnir þar sem þessi hljóðbreyting kemur fyrir og eru í *Sagnorðakassanum*.

Tafla 13 Taktu eftir því að í blönduðu sögnunum sem eru taldar hér og hafa e í stofni, ásamt sögninni að segja verðu e-ið → a í þátíð. Þetta a verður svo ö í þt.ft.

Sagnirnar sem hafa hljóðbreytinguna a → ö			
sagnaflokkarnir	sagnirnar	1. p.ft. (við)	þt.ft. (í öllum persónum)
a-sagnir	<i>baða, baka, bjarga, blanda, dansa, faðma, fagna, kafa, kalla, kasta, klappa, laga, mata, pakka, panta, raða, safna, saga, sakna, salta, skalla, skamma, skammta, skanna, sparka, spjalla, svara, tala, tapa, tjakka, tjalda, vakna</i>	a → ö	
i-sagnir	<i>segja, vaka</i>	bara <i>vaka</i>	a → ö
blandaðar sagnir	<i>berja, fela, hafa, hanga^{2/3}, kveðja, leggja, telja, velja</i>	bara <i>hafa</i> og <i>hanga</i>	a → ö í öllum nema <i>hanga</i>
0-sagnir	<i>draga, falla, fara, ganga, grafa, halda, hlaða, skafa, standa, taka, vaxa</i>	a → ö	X

Kennsluaðferðir

Öll námsefnisgerð Íslenskunámunnar byggir á hugmyndafræðinni um fjölbreyttar kennsluaðferðir og því að gera annarsmálskennslu í íslensku meira lifandi. Þess vegna bjóða sagnorðaspjöldin upp á og styðja við:

- myndrænt og námsörvandi námsefni
- uppgötvunarnám
- athafnanám (*learning by doing*)
- leikjun (*gamefication*)
- hóp- og paravinnu
- jafningjafræðslu
- breytta endurtekningu (endurtekning með breytilegum aðferðum)

Kennarar og annað fagfólk þekkja væntanlega öll þessi hugtök en stutta samantekt og umfjöllun er að [finna undir Námsefni á vef Íslenskunámunnar](#). Hér í framhaldinu eru frekari hugmyndir fyrir kennara, annað fagfólk og leiðbeinendur.

Sagnorðakennslan

Það er rétt að taka það fram að áhersluþættirnir sem eru settir fram í eftirfarandi töflu (töflu 14) miðast við fullorðinsfræðsluna. Það er þó ekki útilokað að þeir geti nýst sem leiðarvísir á öðrum skólastigum og/eða vettvangi.

Áhersluþættirnir þurfa vissulega að taka mið af stöðu nemenda. Þess vegna er gott að gera einhvers konar stöðumat í byrjun hvers stigs og taka frá tíma fyrir upprifjun eftir þörfum.

Tafla 14 Sagnorðin í *Sagnorðakassanum* nýtast vel til að uppfylla þessa áhersluþætti


Stigin	Áherslur	Athugasemdir
Byrjendur	<ul style="list-style-type: none">• orðforði• setningargerð með hjálparsögnum	<i>Setningarformúlur fyrir byrjendur fylgja með kaupum í gegnum vefverslunina en þær eru líka fríar á vef Íslensku-námunnar.</i>
1. stig	<ul style="list-style-type: none">• nútíð a-sagna í et.• nútíð i-sagna í et.• sagnirnar <i>vera</i>, <i>fara</i> og <i>koma</i> í öllum persónum og helst í báðum tölum og tíðum.	
2. stig	<ul style="list-style-type: none">• áframhaldandi áhersla á a- og i-sagnir• 0-sagnir sem hafa enga hljóðbreytingu og reglulegustu persónubeyginguna í nt.et.• kynna fleirtölubeygingu sagna í nt. og hljóðbreytinguna a → ö.• þt. a-sagna í et.	<i>sjá næsta kafla með setningarformúlum</i>

<p>3. stig</p>	<ul style="list-style-type: none"> • áhersla á að bæta við sagnorðaförða nemenda í i-sögnum • lýsingarháttur þátíðar, a- og i-sagna með hjálparsögnunum að hafa og geta. Leggja áherslu á mikilvægustu sagnirnar. • þt. mikilvægustu i-sagnanna • mikilvægustu 0-sagnirnar og hljóðbreytingar þeirra í nt. • fjórar mismunandi persónubeygingarendingar 0-sagna í 2.p. nt.et. • þt. allra mikilvægustu 0-sagnanna í et. • boðháttur a-sagna 	
<p>4.stig</p>	<ul style="list-style-type: none"> • rifja upp þátíðarbeygingu i-sagna • bæta mikilvægustu blönduðu sögnunum við (<i>sagnir sem beygjast óreglulega (sterkt) í nt. en fá þátíðarendingu i-sagna</i>) • boðhátturinn • æfa sagnir sem hafa enga hljóðbreytingu í lh.þt. með hjálparsögnunum að hafa og geta • fleirtölubeyging í ft.nt. og þt. a- og i-sagna • algengustu og reglulegustu hljóðbreytingar 0-sagna í hljóðskiptaröðum 1) - 7) í nt.et. og þt.et. • kynning á viðtengingarhætti í nt. • kynna lh.nt. með hjálparsögninni að vera 	<p><i>sjá næsta kafla með setningarformúlum</i></p>
<p>5. stig</p>	<ul style="list-style-type: none"> • þátíðarbeyging blandaðra sagna (<i>sagnir sem beygjast óreglulega (sterkt) í nt. en fá þátíðarendingu i-sagna</i>) • hljóðbreytingar 0-sagna í hljóðskiptaröðum 1) - 7) í þt.et. • sagnir sem skera sig úr hljóðskiptaröðum 1) - 7). • kynna sagnir sem hafa mismunandi beygingu eftir merkingu • hljóðskipti algengustu og reglulegustu 0-sagna í þt.ft. • lh.þt. allra sagna með hjálparsögnunum að hafa og geta. • þjálfá einfaldar setningar í viðtengingarhætti nt. • kynna mál- og setningarfræðilegan mun á vh.nt. og vh.þt. 	<p><i>sjá næsta kafla með setningarformúlum</i></p>
<p>6. stig</p>	<ul style="list-style-type: none"> • hljóðbreytingar mikilvægra en sjaldgæfari 0-sagna í hljóðskiptaröðum 1) - 5) • undantekningar í mikilvægum en sjaldgæfari sögnum í lh.þt. í hljóðskiptaröðum 1) - 7) með hjálparsögnunum að hafa og geta. Leggja áherslu á hljóðskiptaraðir 3) -7). • fara í sagnir sem hafa mismunandi beygingu eftir merkingu, flytjast á milli flokka í þt., ri-sagnir og 0-sagnirnar sem skipta ekki aðeins um sérhljóð í þt. heldur stofnsamhljóð líka. • vh.nt. og þt. eftir stöðu og kunnáttu hópsins. • sagnir og sagnorðasambönd + mismunandi merking (eins og sagnirnar að halda og standa). • blæbrigðamunur og notkun sagna sem eiga mörg samheiti (eins og ganga, labba, arka, rölta o.s.frv.). • tengsl so. og lo. (dæmi: baka → bakaður) 	<p><i>sjá næsta kafla með setningarformúlum</i></p>

Nokkrar setningarformúlur

► Góðar setningarformúlur fyrir byrjendur (**0.-1. stig**) eru:

- Ég er að ...
- Ég var að ...
- Ég ætla að ...



► Á **2.-3. stigi** má auka við fjölbreytnina og bæta við nútíðarbeygingu fleiri sagna. Hér má:


1. **skipta út hjálparsögnum** (dæmi: *að þurfa, kunna, verða*).
2. **sleppa hjálparsögnunum og bæta við tíðniatviksorðum** (dæmi: *alltaf, stundum og aldrei*)
3. **sleppa hjálparsögnunum og bæta við orðasamböndum um tíma** eða staðsetningu (dæmi: *á hverjum degi, á morgun, á eftir, um helgina, áðan, í gær .../ heima, í skólanum, í ræktinni ...*)

► Á **4. stigi** má byrja á viðtengingarhætti nútíðar. Það má gera með setningarformúlunum:

- Ég held að...
- Ég vona að ...

► Á **5. stigi** er ekki útilokað að nemendur ráði við að setja algengari sagnir í viðtengingarhátt þátíðar með aðstoð setningarformúlanna:

- Ég hélt að...
- Ég vonaði að ...
- Ég vissi ekki að ...



► Á **6. stigi** er sjálfsagt að bæta við setningum eins og:

- Ég veit ekki hvort (að) ...
- Ég vissi ekki (hvort) / (að) ...
- og setningum með fleiri skilyrðistengingum sem kalla á viðtengingarhátt